

SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS
ÁRSSKÝRSLA
2014-2015





ÁRSSKÝRSLA
2014-2015

AÐALFUNDUR SA
16. APRÍL 2015

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA 2015	5
SAMFÉLAGSÁBYRGÐ	7
JAFNRÉTTISMÁL	9
VIRK	10
EFNAHAGSMÁL	12
MENNTAMÁL	14
STARFSSKILYRÐI	16
UMSAGNIR UM ÞINGMÁL OG ÖNNUR MÁL	19
ERLEND SAMSKIPTI	21
STÖRF STJÓRNAR SA STARFSÁRIÐ 2014-2015	22
KYNNING OG MIÐLUN	24
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	26
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014	27
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014	28
VINNUDEILUSJÓÐUR	29

ÁVARP FORMANNS



GERUM BETUR

Flestir kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum eru nú lausir. Verkefni Samtaka atvinnulífsins síðasta starfsárið hafa einkum beinst að því að tryggja framgang markmiða síðustu samninga frá því snemma árs 2014. Þá var tekið stórt skref til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Í stað þess að stöðugt kapphlaup væri um að launahækkunar gætu haldið í við verðbólguna, var samið um hóflegar launahækkningar sem var ætlað að skila auknum kaupmætti í ljósi lítilla verðhækkana.

Þetta hefur gengið eftir. Kaupmáttur jókst um 5,8 % á síðasta ári og hefur aldrei aukist jafn mikið á á einu ári. Verðbólga hjaðnaði úr 4,3% í desember 2013 í 0,8% í desember 2014 og stýrivextir Seðlabanka Íslands lækkuðu um 0,75% á sama tíma.

Samningsaðilar hófu undirbúning kjarasamninganna mun fyrr, kynntu sér hvernig til hefði tekist á Norðurlöndum og nú í febrúar kom út ný skýrsla heildarsamtaka á vinnumarkaði í aðdraganda kjarasamninga um efnahagsumhverfis og launaþróun.

Þrátt fyrir að vel hafi til tekist á árinu 2014 og öll markmið samninganna náðst – og gott betur – þá fara nú mörg verkalýðsfélög fram með kröfur um tuga prósentu almennar launahækkunar. Verði gengið að þessum kröfum munu þær ná yfir allan vinnumarkaðinn á skömmum tíma. Afleiðingin verður mikil verðbólga, hærrí vextir, skuldaaukning heimila og lífskjarabati lætur standa á sér. Störfum mun fækka, hagur fyrirtækja og hins opinbera mun versna. Fjárfestingar verða minni en ella og draga mun úr nýsköpun og vöruþróun. Lítil fyrirtæki munu líða sérstaklega fyrir það. Engin leið er að sjá fyrir endann á atburðarás sem felst í gengislækkunum, verðbólguþróunum og óstöðugleika í kjölfarið.

Þess í stað hafa samtökin boðið viðsejendum sínum að fara nýja leið við kjarasamningana nú. Þess verði freistað að hækka

grunnlaun en lækka um leið álagsgreiðslur á laun. Greiðsla fyrir yfirvinnu og vaktavinnu er mun hærrí hér en í nágrannalöndunum. Töluverður vilji fólks er til að draga úr yfirvinnu og að dagvinnulaunin ein dugi til framfærslu. Gaumgæfa þarf vandlega áhrif þessa á samkeppnishæfni fyrirtækja. Fyrirtækin þurfa tíma til aðlögunar að breytingunum en þegar fram í sækir er hugsunin að ný launakerfi verði ráðandi í atvinnulífinu.

Innra starf

Undanfarið ár hafa Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtökin eftt sameiginlegan rekstur sinn. Þetta mun skila sér í aukinni hagkvæmni og betri nýtingu aðstöðu og fjármuna. Unnið hefur verið að breytingum á húsnæði samtakanna og hefur Viðskiptaráð Íslands flutt starfsemi sína í Hús atvinnulífsins og deilir hæð með SA. Aðstöðunni þar hefur verið breytt og fer starfsemin fram í björtu og aðlaðandi opnu rými fyrir starfsfólkið.

Bílgreinasamband Íslands og meistarafélög iðnaðarmanna hafa einnig komið sér vel fyrir í Húsi atvinnulífsins og vonandi skapast með þessu möguleikar á aukinni samvinnu og auknar möguleikar til að miðla þekkingu milli samtaka í húsinu.

SA hafa í samvinnu við aðildarsamtökin staðið fyrir menntadegi atvinnulífsins og einnig að sjávarútvegsdeginum í samvinnu við fleiri aðila.

Það er ánægjulegt að sjá hvernig Samtök atvinnulífsins hafa eflst undanfarin ár og málflutningur samtakanna hefur breikkað og orðið markvissari en áður með nýjum áherslum á efnahagsmál og menntamál.

Samkeppnishæfni er lykilatriði

Á ársfundi Samtaka atvinnulífsins á síðasta ári lögðu samtökin fram 10 tillögur til að koma Íslandi í röð 10 samkeppnishæfustu þjóða heims á 10 árum. Á fundi okkar nú í apríl verður í nýju riti fjallað um nokkrar áskoranir sem takast þarf á við til að markmiðin náist. Fjallað verður um nauðsynleg skref við afnám gjaldeyrishafta, um helstu verkefni til að ná betri tókum á rekstri ríkis og sveitarfélaga til lengri tíma, um aðferðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og um mikilvægi þess að takist að lækka fjármagnskostnað fyrir atvinnulífið, hið opinbera og fyrir heimilin í landinu.

Það er hagur allra að hér á landi sé lág verðbólga og efnahagslegur stöðugleiki. Hér verður að ríkja samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru, fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör allra.

Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA 2015

Heildarsamtökin á vinnumarkaðnum gáfu í febrúar út nýja skýrslu um launapróun undanfarinna átta ára og efnahagsforsendur kjarasamninga 2015. Niðurstöður sýna m.a. að ríkisstarfsmenn í stéttarfélögum innan ASÍ hafa hækkað mest í launum á árunum 2006-2014, þar á eftir framhaldsskóla- og grunnskólakennarar, en starfsmenn í aðildarfélögum BSRB hjá sveitarfélögum minnst. Upplýsingar um laun og launapróun eru sóttar í gagnasafn Hagstofunnar en þær flokkaðar eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjenda þeirra.

Hækkanir hópanna eru nokkuð svipaðar í heild þegar lítið er yfir tímabilið 2006-2014 en tímasetning þeirra mismunandi. Í öllum heildarsamtökum og samningssviðum hækkuðu laun kvenna meira en karla á tímabilinu og launadreifing varð jafnari. Laun skrifstofufólks og verkafólks hækkuðu mest en stjórnenda minnst.

Í efnahagskafla skýrslunnar er áhersla lögð á umfjöllun um þætti sem marka svigrúm til launabreytinga, einkum launahlutfall, framleiðni og raungengi. Launahlutfall er hvergi hærra en hér á landi þegar lítið er til meðaltals síðustu ára en tímakaup tiltölulega lágt. Þetta kann að virðast mótsögn en skýrist af lítilli framleiðni á Íslandi. Raungengi er undir sögulegu meðaltali en staða þess ræðst af viðskiptajöfnuði og hækki það mun viðskiptaafgangur þjóðarbúsins hverfa.

Í skýrslunni kemur fram að staða þjóðarbúsins sé vænleg en viðkvæm og mikilvægt auka aga í hagstjórn við núverandi skilyrði. Raunsætt mat á aðstæðum og bætt vinnubrögð þurfi til að ná hagfelldri niðurstöðu í komandi kjarasamningum.

[Skýrsluna má nálgast hér](#)

Aukinn kaupmáttur jafngildir þriggja mánaða matarútgjöldum

Á rúmlega einu ári hefur kaupmáttur launa aukist umtalsvert og verðbólga hrpað niður í sögulegar lægðir. Þetta er ekki tilviljun því að þessu var stefnt við undirritun kjarasamninga í desember 2013 en árangurinn er framar vonum. Kaupmáttur launa jókst um 5,8% á síðasta ári sem er mesta hækkan á einu ári frá árinu 1998. Ársverðbólga mældist aðeins 0,8% í lok síðasta árs. Með hóflegum launahækkunum og hagstæðum ytri skilyrðum hafa fyrirtæki almennt getað haldið verðlagi stöðugu og því hefur fólk haft úr meiru að spila.

Ávinningur heimilanna af þróun undanfarinna mánaða er mikill. Kaupmáttur einstaklings með meðaltekjur jókst t.d. um 225 þúsund krónur eftir skatt á árinu 2013 eða um 19 þúsund krónur á mánuði. Kaupmáttur hjóna með meðaltekjur jókst um 450 þúsund krónur sem samsvarar rúmlega þriggja mánaða matarútgjöldum meðalheimilis.

Aukinn kaupmáttur meðalfjölskyldu með meðaltekjur samsvarar rúmlega þriggja mánaða matarútgjöldum heimilisins.



Það skiptir miklu fyrir heimilin að verðbólga sé lítil en þrír fjórðu skulda þeirra eru verðtryggð lán. Fyrir heimili með meðalskuldir, um 20 milljónir króna, er ávinningur lækkunar verðbólgu árið 2014 miðað við 2013 rúmlega hálf milljón króna. Þó var verðbólgan árið 2013 lítil í sögulegu samhengi en verði haldið áfram á sömu braut má tryggja enn betri árangur.

Yfirgnæfandi stuðningur þjóðarinnar við efnahagslegan stöðugleika

Tveir af hverjum þremur sem tóku afstöðu í könnun Gallup í nóvember sögðust styðja áherslu á efnahagslegan stöðugleika í stað þess að leggja áherslu á miklar launahækkanir í næstu kjarasamningum. Fleiri sögðust telja að svigrúm til launahækkana væri lítið fremur en mikið. Tveggja ára kjarasamningar nutu mests stuðnings.

Ótti við mikla verðbólgu

Í kjölfar kjarasamninga fjármálaráðuneytisins og lækna á árinu var vísað til þeirra sem fyrirmyndar í kjaraviðræðunum á almennum vinnumarkaði. Gallup spurði Íslendinga álit á því í janúar hvaða áhrif það hefði ef allir aðrir fengu sömu launahækkanir og læknar. Niðurstaðan er skýr. Nærri átta af hverjum tíu telja að verðbólga muni aukast og verðtryggðar húsnæðisskuldir hækka. Þá telja rúmlega sjö af hverjum tíu að vextir muni hækka. Minnihluti landsmanna vill að aðrir fái sambærilegar launahækkanir og læknar. Niðurstaðan sýnir sýnir svo ekki verður um villst að Íslendingar eru mjög meðvitaðir um áhrif mikilla launahækkana á skömmum tíma á hag heimilanna og efnahagslífið. Niðurstöðurnar ríma jafnframt við niðurstöður fyrri kannana Gallup sem sýna að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar óttast mikla verðbólgu.

Stjórnendur hækka minnst á milli ára samkvæmt Hagstofunni


Hagstofa Íslands birti niðurstöðu launarannsóknar sinnar fyrir 4. ársfjórðung 2014 í mars. Megin niðurstaðan er sú að árhækkun frá fjórða ársfjórðungi 2013 var 6,7% að meðaltali, þar af 6,0% á almennum vinnumarkaði og 8,4% hjá opinberum starfsmönnum. Meðalhækkun opinberra starfsmanna skýrist af stórum hluta af kjarasamningum kennara.

Sé litið til einstakra starfsstétta á almennum vinnumarkaði var árshækkun frá fjórða ársfjórðungi 2013 mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki eða um 7,7% en minnst hjá stjórnendum eða um 5,2%. Á sama tíma hækkuðu regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks um 6,5%, skrifstofufólks um 6,2%, sérfræðinga um 5,9%, verkafólks um 5,6% og iðnaðarmanna um 5,3%. Á milli ára 2013 og 2014 var hækking launa eftir starfsstéttum á bilinu 5,2% og 7,0%, mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki en minnst hjá stjórnendum.

[Vinumarkaðssvið SA](#)

Launabreyting eftir heildarsamtökum og samningssviðum

- nóvember 2006 - september 2014



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA



Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Um er að ræða eitt öflugasta framtakið í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja og sjálfbærni. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 en um er að ræða 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir.

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækjanna.

Meira en sjö þúsund fyrirtæki hafa skrifað undir Global Compact í heiminum en alls hafa yfir yfir 12.000 aðilar skrifað undir sáttmálann í 145 löndum. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að 20 þúsund fyrirtæki hafi skrifað undir sáttmálann árið 2020 með það að markmiði að auka sjálfbærni efnahagslífs heimsins.

SA eru tengiliður við norrænt tengslanet Global Compact

[Global Compact Nordic Network:](#)

[Global Compact S.P](#)

Aukinn áhugi

Alls hafa 15 aðilar skrifað undir Global Compact á Íslandi en viðbúið er að það fjölgi í hópnum á næstu vikum og mánuðum. Nú þegar hafa Ölgerðin, Síminn, ÁTVR, FESTA, Össur, Íslandsbanki, Íslandsstofa, Íslandspóstur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Alta, Landsbankinn, Landsvirkjun, VERT-markaðsstofa, Reykjaráður og Réttur skrifað undir sáttmálann.

Ábyrg fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins hafa unnið með FESTU miðstöð um samfélagsábyrgð að því að efla umræðu um samfélagsábyrgð. Í janúar efndu SA og FESTA til vel heppnaðar ráðstefnu um samfélagsábyrgð og ávinning af ábyrgum stjórnarháttum fyrirtækja.

Vaxandi áhugi er innan atvinnulífsins á því að taka samfélagsábyrgð föstum tökum og vinna formlega að innleiðingu góðra stjórnarháttanna. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA segir að atvinnulífið vilji almennt sýna ábyrgð en samfélagsábyrgð fyrirtækja snúi að öllum þeim ákvörðunum sem stjórnendur taka í daglegum rekstri og áhrifum þeirra á umhverfið bæði nær og fjær. Til dæmis ábyrg innkaup fyrirtækja, að fyrirtæki séu meðvituð um hvernig vara sem þeir kaupa af birgjum er framleidd, að tryggt sé að erlendir birgjar fyrirtækjanna stundi t.d. ekki barnaþrælkun og að við framleiðsluna sé sýnd varúð í umhverfismálum. Ábyrg innkaupastefna feli í sér að horft sé til þess hvernig vara er framleidd og áhrifum hennar á umhverfi en ekki verðs vörunnar.

Annar þáttur samfélagsábyrgðar lítur að nærumhverfi fyrirtækja og hvernig þau geta tengt rekstur sinn og hagsmuni samfélagsins sem þau starfa í betur saman.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja og arðbær rekstur eiga samleið t.d. varðandi ábyrga nýtingu auðlinda. Augljóst er að auðlindir ganga til þurrðar ef þær eru ekki nýttar með sjálfbærum hætti og það grefur þá á endanum undan arðsemi fyrirtækjanna sem ætli að nýta þær til lengri tíma lítið.

„Ef starfsemi fyrirtækis snýst eingöngu um að græða sem mest en hagr samfélagsins er ekki borinn fyrir brjósti þá minnkar þol samfélagsins fyrir þeim rekstri verulega.“

ESB og samfélagsábyrgð

ESB setti sér stefnu um samfélagslegaábyrgð fyrir tímabilið 2011-2014. Unnið er að nýrri stefnuskrá og efnt var efnt til opins samráðs á netinu um hlutverk framkvæmdastjórnarinnar varðandi samfélagsábyrgð. Niðurstaðan staðfestir mikilvægi samfélagsábyrgðar og að bætt framkvæmd og ferlar séu mikilvæg tæki til að stuðla að ábyrgri hegðun í viðskiptum. Flestir voru sáttir við áherslur framkvæmdastjórnarinnar en mismunandi skoðanir voru á framkvæmdinni. Nefnt var að bæta þyrfti gagnsæi og kynningu. Styðja yrði lítil og meðalstór fyrirtæki og gæta jafnvægis milli opinberrar reglusetningar og eigin framtaks fyrirtækjanna. Horft verður til þessara niðurstaðna við gerð næstu áætlunar sem mun gilda frá 2015 til 2020.

BUSINESSEUROPE sem SA eiga aðild að leggur áherslu á að samfélagsábyrgð verði áfram að frumkvæði fyrirtækjanna. Stefna ESB eigi jafnframt að styðja áframhaldandi þróun samfélagsábyrgðar af hálfu fyrirtækjanna. Það snýst ekki aðeins um álit og kynningu heldur er hluti af viðskiptaháttum og samskiptum við haghafa. Stefna yfirvalda sem varðar samfélagsábyrgð styðji og stuðli að jákvæðu viðhorfi til fyrirtækja.

Tilskipun, 2014/95/ESB, sem tekur einnig til EES ríkjanna skyldar viss stærri fyrirtæki til að birta upplýsingar sem ekki eru af fjárhagslegum toga. Frestur til innleiðingar er til 6. desember 2016. Framkvæmdastjórninni er jafnframt ætlað að útbúa leiðbeiningar um aðferðir við skýrslugerð til ESB.



Reglur um tilnefningar Samtaka atvinnulífsins í stjórnir lífeyrissjóða

Fulltrúar SA í lífeyrissjóðum starfa samkvæmt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem samþykktar hafa verið af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Þær fela m.a. í sér að stjórnarmenn beiti sér fyrir því að lífeyrissjóðir marki sér skýra hluthafastefnu þar sem kveðið er á um virkni sjóðanna sem hluthafa, reglur um skipan í stjórnir hlutafélaga og hvernig sjóðurinn hátti þátttöku sinni í atkvæðagreiðslum í hlutafélögum er hann fjárfestir í.

Stjórnarmenn skulu taka ákvarðanir í takt við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur þannig að hagsmunum sjóðsfélaga sé sem best gætt. SA beina ekki fyrirmælum til stjórnarmanna lífeyrissjóða sem samtökin skipa, né eru stjórnarmenn bundnir af neinum fyrirmælum þeirra aðila sem skipa þá í stjórn.

[Sjá nánar hér](#)



Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti lífeyrissjóða og starfsvenjur fulltrúa SA í stjórnnum lífeyrissjóða

Fulltrúar SA í stjórnnum lífeyrissjóða geta setið að hámarki í sex ár samfellt sem aðalmenn í stjórn sama sjóðs. Samtök atvinnulífsins hafa jafnrétti kynja í heiðri við skiptan í stjórnir lífeyrissjóða.

[Sjá nánar hér](#)

VIÐMIÐ GLOBAL COMPACT



MANNRÉTTINDI

Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

VINNUMARKAÐUR

Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

UMHVERFI

Viðmið 7: Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.

Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

GEGN SPILLINGU

Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

SAMSTARF UM INNLEIÐINGU JAFNLAUNASTAÐALS

Heildarsamtök launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda hafa tekið höndum saman um innleiðingu jafnlaunastaðals á vinnumarkaði. Markmið jafnlaunastaðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað sínum.

Grunnforsenda staðalsins er að einstaklingar hjá sama atvinnurekanda njóti sambærilegra kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Skrifað var undir samkomulag 13. nóvember um fræðslu og ráðgjöf við innleiðingu staðalsins

Jafnlaunastaðallinn (ÍST 85:2012) er afurð áralangs samstarfs heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Staðallinn er byggður upp eins og alþjóðlegir stjórnunarstaðlar og fyrirtæki og stofnanir sem vilja nýta hann þurfa að uppfylla kröfur staðalsins og hljóta sérstaka vottun geri þau það.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur nú þegar leitt tilrauna- verkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals hjá ellefu stofnunum ríkisins, tveimur sveitafélögum og átta einkafyrirtækjum. Vonast er til að fyrstu stofnanirnar og fyrirtækin geti fengið úttekt og vottun á jafnlaunakerfi sínu á vormánuðum ársins 2015. Fyrirtæki og stofnanir sem hljóta vottun verður heimilt að nota nýtt jafnlaunamerki til að sýna með skýrum hætti að hjá þeim sé jafnrétti í hávegum haft.

Til að tryggja að innleiðing jafnlaunastaðalsins gangi vel fyrir sig verður leitað til fræðslusetra og ýmissa fræðslusjóða aðila vinnumarkaðarins. Námskeið verða t.d. haldin fyrir starfsmenn stofnana og fyrirtækja þar sem farið verður yfir starfaflokkun, launagreiðingu og skjölun í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar til þeirra sem taka upp staðalinn. Starfsmennt mun undirbúa námskeiðin og þróa, en áætlað er að þau verði fjögur talsins og um þriggja klukkustunda löng hvert.



VIRK - STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



Íslenska þjóðin eldist hratt. Á næsta áratug er útlit fyrir að starfsfólki á vinnumarkaði fjölgi aðeins um fjórðung af fjölgun undangengins áratugar og við taki fækkun fólks á vinnumarkaði. Árgangarnir sem koma inn á vinnumarkaðinn verða svipaðir að stærð og þeir sem hverfa af honum vegna aldurs og vinnumarkaðurinn skreppur saman vegna mikillar örorkutíðni. Að óbreyttu verður erfitt að manna ný störf sem mun hamla fjárfestingum og hagvexti á komandi árum.

Örorkutíðni með því hæsta sem þekktist

Hlutfall fólks á Íslandi sem hverfur af vinnumarkaði vegna örorku er með því hæsta sem þekktist og hefur örorkulífeyrisþegum fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Á hverju ári fá 1.200-1.500 manns úrskurð um svokallaða 75% örorku sem veitir rétt til varanlegs örorkulífeyris. Árið 1993 voru örorkulífeyrisþegar 4,5% af íbúum á vinnualdri en árið 2013 voru þeir 9%. Hlutfall örorkulífeyrisþega hefur þannig tvöfaldast á síðustu tveimur áratugum.

Útgjöld vegna örorkulífeyris hafa tvöfaldast á 15 árum

Árleg útgjöld ríkis og lífeyrissjóða vegna örorkulífeyris verða 55 milljarðar króna á þessu ári, þ.a. er hlutur ríkisins 40 milljarðar og lífeyrissjóðanna 15 milljarðar. Útgjöldin hafa tvöfaldast á föstu verðlagi á undanförunum 15 árum.

Ísland hæst í greiðslu örorkulífeyris

Ekkert þeirra ríkja sem Íslendingar bera sig saman við ver hærra hlutfalli af landsframleiðslu til greiðslu örorkulífeyris. Árið 2011

varði ríkissjóður Íslands 2,0% og lífeyrissjóðirnir 0,6% af landsframleiðslu til greiðslu örorkulífeyris, eða samtals 2,6% af landsframleiðslu. Vegna sérstakrar hækkunar örorkulífeyris síðan, og fjölgunar örorkulífeyrisþega, má ætla að þetta hlutfall verði komið yfir 3% á þessu ári. Til samanburðar verja Danmörk og Noregur 2,1-2,5% af landsframleiðslu til greiðslu örorkulífeyris, Finnar 1,9% og Svíar 1,4%.

Lítill opinber framlög til starfsendurhæfingar á Íslandi

Þrátt fyrir mikla örorkubyrði hefur ríkissjóður nánast engum fjármunum varið til starfsendurhæfingar. Starfsendurhæfing er árangursrík leið til þess að koma í veg fyrir að fólk falli brott af vinnumarkaði í kjölfar áfalla og stuðla að endurkomu þess. Nágrannarþjóðir okkar leggja mikla áherslu á starfsendurhæfingu því ríkissjóðir Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs verja 0,2% af landsframleiðslu til starfsendurhæfingar en það samsvarar fjórum milljörðum íslenskra króna. Finnar og Hollendingar verja enn meiri fjármunum til slíkrar fyrirbyggjandi starfsemi.

Ávinningur starfsendurhæfingar

Ávinningur árangursríkrar starfsendurhæfingar getur verið mjög mikill. Mesti ávinningurinn verður ekki metinn til fjár en hann felst í betri heilsu, andlegri sem líkamlegri, og betri afkomu þeirra einstaklinga sem endurhæfast. En fjárhagslegan ávinning er unnt að leggja mat á. Sem dæmi má nefna að takist að endurhæfa einstakling á þrítugsaldri þannig að hann verði fullur þátttakandi á vinnumarkaði í stað þess að verða örorkulífeyrisþegi nemur núvirtur samfélagslegur ávinningur 100 m.kr. Það þarf því ekki nema 20 slík dæmi til þess að réttlæta þann kostnað sem nú er varið til starfsendurhæfingar. Niðurstaða greiningarfyrirtækisins Talnakönnunar er að starf VIRK sé mjög arðbært. Samkvæmt tilteknum forsendum, sem eru mjög varkárar, var ávinningur ríkissjóðs og lífeyrissjóða í formi minni bótagreiðslna og aukinna



skattgreiðsla 10 milljarðar króna árið 2013, samborið við tæplega 1,3 milljarðs króna gjöld VIRK það ár.

Áhyggjur heildarsamtaka vinnumarkaðarins af örorku

Mikil fjölgun örorkulífeyrisþega og meðfylgjandi byrði sem hvílir á lífeyrissjóðum, ríkissjóði og vinnumarkaðnum hefur valdið heildarsamtökum á vinnumarkaði miklum áhyggjum undanfarinn áratug. Sama verður ekki sagt um stjórnámamenn landsins. Þegar samið var um hækkun iðgjalds vinnuveitenda um tvær prósentur í kjarasamningunum árið 2004 var önnur prósentan rökstudd með þeirri þyngingu örorkubyrðar lífeyrissjóða sem þá hafði átt sér stað og hin prósentan með auknum ævilikum og þar með lengra lífeyristímabili. Í tengslum við framlengingu kjarasamninga í nóvember 2005 var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn um samstarf um leiðir til að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða. Forsætisráðherra skipaði nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðar, lífeyrissjóða og Öryrkjabandalagsins sem skilaði niðurstöðum og tillögum í mars 2007. Niðurstöðurnar voru einkum þær að gildandi örorkumatskerfi hindri endurhæfingu og að úrskurðaraðilar séu undir þrýstingi að úrskurða svokallaða 75% örorku vegna mikilla fjárhagslegra hagsmuna þeirra sem sækja um örorkulífeyri. Nefndin lagði til að starfsendurhæfingarúrræði yrðu aukin til að bæta hag einstaklinga sem búa við skerta starfsorku, að bótakerfið yrði endurskoðað þannig að byggt yrði á getu einstaklinga til að afla sér tekna og að bætur yrðu að jafnaði háðar skilyrðum um atvinnuleit og endurhæfingu.

Áform og efndir framlaga ríkissjóðs

Samið var um að hefja uppbyggingu starfsendurhæfingar í kjarasamningunum í febrúar 2008. Samhliða var gert samkomulag við ríkisstjórnina um að ríkissjóður legði sömu fjárhæð og atvinnulífið til starfsendurhæfingar frá og með árinu 2009. Ekki kom til greiðslu þessa framlags ríkissjóðs.

Í sáttmálanum í júní 2009 gerðu aðilar vinnumarkaðar og ríkisstjórnarinnar samkomulag um að VIRK fengi 150 m. kr. framlag úr ríkissjóði árið 2010, 250 m.kr. árið 2011, 350 m.kr. árið 2012 og að frá og með 1. júlí 2013 yrði framlag ríkissjóðs jafnvirði 0,13% af tryggingagjaldsstofni. Engar greiðslur komu úr ríkissjóði til VIRK þessi ár.

Þegar lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða voru samþykkt í júní 2012 var ákveðið að fyrsta greiðsla ríkissjóðs kæmi í október 2013. Hún kom þó ekki. Í fjárlögum fyrir árið 2014 var enn ákveðið að fella niður framlagið til VIRK, sem lögfest hafði verið í lögum um tryggingagjald, en í fjárlagavinnunni á Alþingi var því heitið að að fullt framlag kæmi árið 2015. Það gerðist ekki og í fjárlögum 2015 var varið 200 m.kr. til VIRK.

Samkomulag VIRK og ríkissjóðs

Þann 4. mars 2015 var undirritað samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra annars vegar og VIRK hins vegar. Með samkomulaginu er vonast til að þær deilur sem verið hafa um aðkomu ríkissjóðs til starfsendurhæfingu verði settar niður. Samkomulagið kveður á um að ráðherrarnir muni leggja til í frumvörpum til fjárlaga næstu ár að framlög ríkissjóðs til VIRK verði 650 m.kr. árið 2016 og jafngildi 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds árið 2017. Jafnframt að öllum þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing geti gagnast til að verða virkir á vinnumarkaði verði tryggð þjónusta hjá VIRK og að í stjórn VIRK bætist stjórnarmaður skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra.

Ríkisstjórnin og vinnumarkaðurinn vilja taka upp starfsgetumat í stað örorkumats

Heildarsamtök vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin hafa tekið höndum saman um að tryggja öllum starfsendurhæfingu og stuðla þannig að aukinni virkni vinnumarkaðarins. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að taka þurfi upp starfsgetumat í stað örorkumats innan almannatryggingakerfisins og mats á orkutapi innan lífeyrissjóðskerfisins.


[Vefur VIRK](#)

KRÖFTUGUR VÖXTUR INNLENDRAR EFTIRSPURNAR

Hagvöxtur á árinu 2014 mældist 1,9% samanborið við 3,6% hagvöxt á árinu 2013. Hagvöxtur síðasta árs er um margt sérstakur einkum vegna þess hversu mikill vöxtur mældist í innlendri eftirspurn, en fara þarf aftur til ársins 2006 til að finna viðlíka vöxt þess liðar. Mikill vöxtur innlendrar eftirspurnar helst í hendur við mikinn kaupmátt heimila sem er einn sá mesti í 16 ár.




Rætur hagvaxtar: Kaupmáttur knýr hagvöxt

Ekki eru merki um bakslag í efnahagsbatanum, þrátt fyrir að hagvöxtur á árinu 2014 hafi verið minni en árið á undan. Ánægjulegt er að af undirliðum landsframleiðslunnar er fjárfesting helsti drifkraftur hagvaxtar enda hefur fjárfesting verið í sögulegu lágmarki um þó nokkurt skeið. Síðustu ár hafa fjárfestingar ekki dugað fyrir afskriftum og því hefur gengið á fjármunaeign landsins en forsenda þess að fjárfesting skili aukinni framleiðslugetu er að fjármunaeign vaxi á ný. Einkaneysla lagði jafnframt töluvert til hagvaxtar en vöxtur einkaneyslu helst í hendur við aukinn kaupmátt heimila, minnkandi atvinnuleysi og aukna bjartsýni á efnahagsframvindu landsins.




Frá því að efnahagsbatinn hófst í ársbyrjun 2011 hefur hagkerfið vaxið um ríflega 13% og er landsframleiðslan nú svipuð og árið 2007 mæld á föstu verðlagi. Sterkur viðsnúningur hagkerfisins síðustu ár hefur því bætt upp þann samdrátt sem varð á landsframleiðslu í kjölfar hrunsins. Efnahagsbata síðustu ára má að stórum hluta rekja til aukins vaxtar ferðabjónustu en viðsnúningurinn hefur verið hægari í innlendri eftirspurn, einkum fjárfestingu. Eftirspurnarstigið er enn um 18% lægra en á árunum fyrir hrun.

Ferðabjónusta hefur tekið miklum breytingum síðustu ár og er nú orðin ein stærsta útflutningsgrein landsins. Metfjöldi ferðamanna sækir landið heim og ekkert lát virðist vera á fjölguninni fyrstu mánuði þessa árs. Útflutningur vegur í dag ríflega 53% af landsframleiðslu en vóg fyrir hrun í kringum 33%. Munar þar mestu um gífurlegan vöxt þjónustuútflutnings sem í dag nemur um 50% af heildarútflutningi landsins.



Verðbólga ekki lægri frá upptöku verðbólguþröngu


Verðbólga gekk hratt niður á árinu, fór úr því að vera ríflega 3% í ársbyrjun í 0,8% í árslok 2014 og hefur ekki verið minni frá upptöku verðbólguþröngu árið 2001. Blað var brotið í sögu íslenskrar peningamálstjórnar þegar verðbólgan fór undir neðri vikið verðbólguþröngu og Seðlabankinn þurfti að bregðast við með því að senda ríkisstjórninni greinargerð vegna of lítillar verðbólgu. Samhliða hjaðnandi verðbólgu lækkuðu stýrivextir Seðlabankans á tveimur síðustu vaxtaákvörðunarfundum ársins 2014 en óvissa um horfur á vinnumarkaði hefur aftur á móti sett strik í reikninginn á þessu ári. Ekki er að vænta frekari lækkunar stýrivaxta fyrr en að línur taka að skýrast í kjaramálum.



Þjóðarþúið greiðir niður erlendar skuldir

Viðskiptaafgangur án áhrifa innlánastofnana í slitameðferð var 110 ma.kr. á árinu 2014 eða sem nemur 5,5% af landsframleiðslu ársins. Gjaldyrisafgangur er að öllu leyti tilkominn vegna afgangar á þjónustujöfnuði sem var í kringum 140 ma.kr. á árinu og var afgangur af þjónustuviðskiptum við útlönd sá mesti sem mælst hefur hér á landi. Sterkur þjónustujöfnuður er einkum tilkominn vegna aukinna umsvifa ferðaþjónustunnar en á sama tíma var þó lítilsháttar halli á vöruskipta- og þáttatekjujöfnuði.

Viðskiptaafgangur síðustu ára hefur verið nýttur í að greiða niður erlendar skuldir enda hefur skuldastaðan batnað verulega síðustu ár. Skuldir voru tvöfalt hærra hlutfall landsframleiðslu fyrir um fjórum árum síðan og er hlutfallið er nú orðið lægra en það var árið 2004.




Ríkisfjármálin í jafnvægi

Ríkissjóður er nú rekinn með afgangi eftir sex ára samfelldan hallarekstur. Áætlaður afgangur ríkissjóðs samkvæmt fjárukalögum er 43 ma.kr. á árinu 2014 og kveður langtímaáætlun stjórnvalda á um áframhaldandi afgang á næstu árum. Gangi þau áform eftir hefur skuldafórnun ríkissjóðs því verið stöðvuð a.m.k. í bili. Áætlunin gerir þó ekki ráð fyrir miklu svigrúmi til að greiða niður skuldir á komandi árum og ekki er áætluð mikil sala ríkiseigna til að greiða niður skuldir. Eftir stendur því viðkvæm skuldastaða ríkissjóðs og mikill vaxtakostnaður sem er orðinn einn af stærstu útgjaldaliðum ríkissjóðs. Mikilvægt er að á komandi árum skapist svigrúm til að greiða niður skuldir og að þeim verði komið í sjálfbært horf á ný, en leiðin til þess er frekari hagræðing í rekstri og sala eigna.

Svipar um margt til ársins 2003

Íslenskt efnahagslíf virðist að mörgu leyti í nokkru jafnvægi um þessar mundir. Atvinnuleysi hefur minnkað, verðbólga er undir einu prósentustigi, gengi krónunnar er stöðugt, afgangur er á viðskiptajöfnuði og afkoma ríkissjóðs er réttu megin við núllið. Hagtölur í dag svipa um margt til ársins 2003 þegar færa má rök fyrir því að hagkerfið hafi síðast verið í jafnvægi. Meginmunur á árinu 2003 og stöðunni í dag er að það jafnvægi sem nú hefur náðst varð til innan hafta.



Ákjósanleg skilyrði til afnáms hafta

Sterkur efnahagsbati síðustu ár, vaxandi gjaldyrisrísköpun þjóðarþúsins, sjálfbær skuldastaða ásamt jákvæðri þróun annarra hagtalna endurspeglar ákveðin heilbrigðismerki í íslensku efnahagslífi og sýnir hversu góð skilyrði eru fyrir því að stigin verði stór og ákveðin skref til afnáms hafta. Verkefni eru stór og krefjandi en þau þarf að leysa. Finna þarf lausn á uppgjörum þrotabúa bankanna sem tryggir að hvorki efnahagslegum né fjármálegum stöðugleika sé ógnað og finna þarf leiðir til að lyfta höftum gagnvart öðrum almennum fjárfestum. Þrátt fyrir að efnahagslífið sé í þökkalegu jafnvægi, þá náðist það innan hafta og er því ekki sjálfbært til langs tíma. Á endanum velta langtímahorfur íslensks efnahagslífs á því hvort höft verði losuð og Íslendingar fái aftur að starfa í opnu hagkerfi.

[Efnahagssvið SA](#)

AUKIN ÞEKING OG MENNTUN EYKUR SAMKEPPNISHÆFNI



„Sé manni gefinn fiskur, verður hann mettur í einn dag; en sé manni kennt að veiða, verður hann mettur alla ævi“, segir í gömlu spakmæli. Inntak spakmælisins lýsir ágætlega hvers vegna það er skoðun Samtaka atvinnulífsins að ýta undir mikilvægi menntunar.

Aukin þekking og menntun eykur samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og gerir þau hæfari til að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Menntun eykur framléiðni og stuðlar að betri lífskjörum og sterkara samfélagi. Við sem byggjum íslenskt samfélag getum hins vegar gert betur í menntamálum.

Samtök atvinnulífsins hafa á umliðnum árum unnið að því að styrkja umgjörð fyrirtækja til að sinna fræðslu- og menntamálum. Það er gert í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfsmenntasjóði og fræðslusetur. Starfsmenntagjaldið, sem var hækkað í síðustu kjarasamningum, hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum til að standa undir þeirri menntun sem vilji er til að sækja. Samhliða hefur verið unnið að auknu samstarfi við hið opinbera, menntastofnanir og launþegahreyfinguna um breytingar og áherslur á íslensku menntakerfi. Innan atvinnulífsins hefur sú skoðun lengi verið ríkjandi að brýnt sé að breyta því með það í huga að efla framléiðni og samkeppnishæfni þess.

Samtök atvinnulífsins hafa eðlilega skoðanir á uppbyggingu menntakerfis landsmanna sem skólakerfið er enda er það sá

grunnur sem starfsmenn fyrirtækja byggja á. Í tengslum við Hvítbók menntamálaráðherra sem leggur áherslu á læsi, styttingu námstíma og iðn- og starfsnám hefur gefist tækifæri til að koma að sjónarmiðum atvinnulífsins. Þótt upphaflega hafi skipulagt samráð við atvinnulífið ekki verið sett á hina opinberu dagskrá var brugðist við óskum SA um formlegri og markvissari aðkomu. Mikilvægt er að tekið verði strax á læsi í upphafi skólagöngu og verði leikskólar fléttaðir betur inn í þá uppbyggingu. Ef lestur er tekin föstum tókum frá 4-5 ára aldri er líklegra að börnin öðlist fyrr styrkleika og sjálfstraust til að takast á við þær námsleiðir síðar meir sem þau helst kjósa sér. Til lengri tíma mun það hafa áhrif á brotthvarf. Í þessu samhengi hefur SA jafnframt lagt ríka áherslu á að flétta einnig stærðfræði- og forritunarlæsi inn á fyrstu stig skólagöngunnar. Er það einnig í rökréttu samhengi við eflingu iðn- og tæknináms.

Stytting námstíma til stúdentsprófs er nauðsynleg breyting bæði menntalega sem þjóðhagslega. Jafnframt telja SA mikilvægt að námstími í grunnskóla verði styttr með sömu sjónarmið í huga. Lögð verði ríkari áhersla á sveigjanleika innan og milli skólastiga. Fleiri leiðir verður að finna til að stemma stigu við allt of miklu brotthvarfi ungs fólks frá námi á framhaldsskólastigi. Kjarasamningar kennara eiga ekki að vera hindrun til brýnna kerfisbreytinga.

Þegar kemur að iðn- og starfsnámi og þeim tækifærum sem gefast í tengslum við Hvítbókarvinnu er mikilvægt að uppstokkun verði í starfsmenntun og atvinnulífið komi markvissar inn í uppbyggingu námsins. Það að um 12% nýnema í framhaldsskóla innritist í

iðnnám sýnir að ekki verði lengur við núverandi kerfi unað. Þar verða allir að axla ábyrgð og standa með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að gera námið gegnsætt, sveigjanlegt og aðlaðandi fyrir ungt fólk.

Samtök atvinnulífsins hafa í tengslum við eflingu iðn- og starfsnáms sett fram nýjar áherslur í samvinnu við Samtök iðnaðarins og skólustjóra verknámsskólanna en þær lúta að uppstokkun á innihaldi námsins. Hafa þessar sameiginlegu áherslur verið lagðar inn í verkefnavinnu Hvítbókar. Samtök atvinnulífsins sendu bréf til forráðamanna allra 10. bekkinga vegna útskriftar úr grunnskólum þar sem vakin var athygli á þeim tækifærum og starfsmöguleikum sem felast í iðn- og starfsnámi.

Til að prófa breytt skipulag iðnnáms svo það verði aðlaðandi og í tengslum við atvinnulífið hafa SA, SFS og SI staðið fyrir tilraunaverkefni í málsmíði. Það inniheldur m.a. nýja uppbyggingu námsins, styttri námstíma, ábyrgari aðkomu fyrirtækja að náminu og aukna samvinnu þeirra við skóla.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt fram áherslur við mótun hins íslenska hæfniramma en það er rammur sem setur hæfni niður á þrep. Ef rétt er að verki staðið mun rammurinn nýtast íslenskum fyrirtækjum og starfsfólki og stuðla meðal annars að gegnsæi og einfaldleika þegar vinnuafli fer á milli fyrirtækja og landa. Það veldur hins vegar vonbrigðum að menntamálaráðuneytið hefur ekki að neinu marki tekið tillit til sameiginlegra athugasemda atvinnurekenda og launþega um að hæfniramma ná bæði yfir óformlegt nám sem formlegt. Fyrir atvinnulífið og fjölbreytni þess er mikilvægt að einblínt verði á sjálfa hæfnina en ekki hvar hennar var aflað. Stefnan er að vinnu við hæfnirammann ljúki á árinu. Það sama gildir um endurskoðun nefndar um framhaldsfræðslu – fimmtu stoð menntakerfisins.

Við gerð síðustu kjarasamninga var að frumkvæði SA gerð bókun samhliða auknum framlögum í fræðslu- og starfsmenntasjóði. Með bókuninni var ákveðið að ráðast í sameiginlega úttekt á núverandi fyrirkomulagi fræðslu og starfsmenntamála. Var markmiðið að m.a. stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga og koma á sameiginlegri vefgátt sjóða og fræðslustofnana atvinnulífsins. Sú vinna er í fullum gangi en ætlunin er að koma nýrri starfsmenntagátt í gagnið síðsumars 2015. Rétt er að geta þess að Samtök atvinnulífsins létu fara fram könnun á viðhorfi fyrirtækja til starfsmenntagjalds. Ljóst er að fyrirtæki innan samtakanna vilja gjarnan inna það gjald af hendi en telja mikilvægt að starfsmenntakerfið verði einfalt og aðgengilegt í notkun fyrir fyrirtækin. Er með þessum breytingum verið að koma m.a. til móts við þau sjónarmið.

Það er víðar sem fulltrúar SA hafa komið að stefnumótun sem beint og óbeint þjónar hagsmunum fyrirtækja. Má nefna hina ýmsu starfsmenntasjóði og fræðslusetur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð, Vísinda- og tækniráð, Tækniskóla atvinnulífsins og Háskólann í Reykjavík.

Einnig eiga Samtök atvinnulífsins aðkomu að ýmsum tilraunum og tímabundnum verkefnum eins og Nýsköpunarkeppni grunnskóla-



kennara, Gullegginu, samstarfi við Sjávarklasann um verkefnatengsl milli nema og fyrirtækja, tilraunaverkefni í norðvestur kjördæmi og Breiðholti og margt fleira.

Menntahópur í Húsi atvinnulífsins hefur staðið fyrir reglubundnum hádegisfundum á liðnu starfsári um starfsmenntun, starfsþróun, kennsluhætti o.fl. Hafa fundirnir verið afar vel sóttir af fulltrúum fyrirtækja og stofnana en fundirnir eru liðir í þeirri viðleitni menntahópsins að miðla upplýsingum til aðildarfyrirtækja um starfsmenntakerfið, hvernig sækja eigi um stuðning, hvað sé í boði, spennandi nýjungar og fleira.

Síðastliðið haust stóð SA að fjölmennri ráðstefnu um menntamál í samvinnu við Viðskiptaráð undir heitinu – Stærsta efnahagsmálið, sóknarfæri í menntun. Í tengslum við ráðstefnuna var unnin viðamikil skýrsla um efnid sem hefur verið dreift víða.

[Sjá nánar hér](#)

Menntadagur atvinnulífsins, sem öll aðildarfélög SA standa að, var haldinn 19. febrúar. Var sjónum sérstaklega beint að iðn- og starfsnámi í þetta sinn en gestir dagsins voru á fjórða hundrad. Menntasprotta ársins hlaut Síldarvinnslan og Marel var útnefnt sem Menntafyrirtæki ársins.

[Horfðu á Menntadaginn 2015 hér](#)

[Horfðu á Menntaverðlaun atvinnulífsins 2015 hér](#)

[Mennta- og nýsköpunarsvið SA](#)

STARFSSKILYRÐI ATVINNULÍFSINS



Á hverju ári fjalla Samtök atvinnulífsins um fjölmörg mál sem tengjast rekstrarskilyrðum fyrirtækjanna. Mál berast samtökunum frá fyrirtækjum, Alþingi ráðuneytum og stofnunum. Ekkert lát er á stríðum straumi stjórnvaldsfyrirmæla. Í stjórnartíðindum birtast, á hverjum degi, alla daga ársins að jafnaði fjórar nýjar reglugerðir, lög, reglur, gjaldskrár og önnur fyrirmæli sem stjórnvöld þurfa að koma á framfæri við þegjana. Frá aldamótum er fjöldi birtinga orðinn um 20 þúsund. Engin leið er að nokkur maður geti fylgst með þessu flóði sem meðal annars markar rekstrarumhverfi fyrirtækjanna.

Síðan koma stofnanir og eftirlitsmenn á þeirra vegum og segja fyrirtækjunum til um smæstu atriði sem eiga að tryggja velferð og öryggi. Í mörgum tilvikum er um að ræða túlkun á reglum sem getur verið vafasöm en sjaldnast láta fyrirtækin á það reyna hvort kröfurnar séu lögmætar. Enginn vill fá eftirlitsstofnanirnar upp á móti sér.

Hér verður fjallað um nokkur mál sem Samtök atvinnulífsins létu til sín taka undanfarið ár.

Rekstrarform heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er mjög góð í ljósi mælikvarða á heilsu og heilbrigði. Lífslíkur eru með því sem best þekkt, ungbarnadauði er með minnsta móti og almennt stendur Ísland mjög vel á alla mælikvarða sem notaðir eru til að mæla gæði heilbrigðisþjónustu. Aðgangur að læknum er betri en í flestum öðrum ríkjum OECD og sjúkrarúm fleiri.

Í ljósi þess að íslenska þjóðin telst enn ung samanborið við önnur OECD-ríki skiptir miklu að heilbrigðiskerfið ráði við aukin útgjöld þegar þjóðin verður eldri. Árið 2012 námu útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi 127,5 ma.kr. að undanskyldum kostnaði við lyf og aðrar lækninga- og hjúkrunarvörur. Af þeim kostnaði var hlutdeild einkaaðila 26,3 ma.kr. eða 20,6% og hlutdeild sjálfseignarstofnana 12,1 ma.kr. eða 9,5%.

Í tengslum við fyrirhugaða byggingu nýs Landspítala fengu Samtök atvinnulífsins Rannsóknarstofnun atvinnulífsins á Bifröst til að kanna kosti ólíkra rekstrarforma til að ná mestri hagkvæmi með hliðsjón af gæðum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir um mitt ár 2015.

Samtökin telja að með fjölbreyttara rekstrarformi megi létta á vanda heilsugæslunnar á Íslandi sem að stórum hluta er skipulagsvandi, skortur á skilvirkni og ónóg þjónusta. Horft er til þess hvernig Norðmenn og Svíar efldu heilsugæsluna á fyrsta ártug aldarinnar.

Áhersla verði lögð á að innleiða hvata til að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Fjármagn frá ríkinu fylgi að mestu hinum sjúkratryggða og hann hafi val um hvar hann sækir sína þjónustu. Sjúkratryggingar Íslands auglýsi eftir fagaðilum, læknum og hjúkrunarfræðingum, til að taka að sér rekstur heilsugæslustöðva og bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

Landsskipulag

Undanfarin ár hefur verið unnið að nýrri landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 sem markar skipulagsáætlunum sveitarfélaga ákveðinn ramma. Skipulagsstofnun hefur nokkrum sinnum kynnt málið og óskað athugasemda. Samtökin og aðildarsamtökin hafa lagt áherslu á að skipulag snúist um fólk og nauðsyn þess að það geti valið sér búsetu og atvinnu þar sem best hentar. Vandað skipulag skiptir miklu fyrir samkeppnishæfni landsins alls og landshluta. Það þarf að vera sveigjanlegt og geta tekið mið af breytingum sem verða á hverjum tíma. Til grundvallar skipulaginu þarf að liggja sjálfbær nýting auðlinda og ábyrgð í umhverfismálum.

Samtökin telja mikilvægt að hugað verði að heildaruppbyggingu helstu innviða í landsskipulagstefnunni. Átt er við samgöngur á landi, sjó og í lofti, fjarskipti og raforkukerfið. Eins og kunnugt er hafa einstök sveitarfélög tafið og jafnvel komið í veg fyrir uppbyggingu mikilvægra innviða eða reynt að leggja af mikilvæg mannvirki með hliðsjón af þröngum eiginhagsmunum. Með þessu er komið í veg fyrir þróun byggðar á öðrum svæðum eða raskað búsetuskilyrðum. Samtökin telja mikilvægt að í slíkum tilvikum sé unnt að grípa inn í þannig að vegsamgöngur, raforkuflutningur og flugsamgöngur geti þróast með hliðsjón af hagsmunum heildarinnar.

Í skipulagi haf- og strandsvæða eru samtökin andvíg því að sveitarfélög beri ábyrgð á svæðisbundu skipulagi hafsvæða utan netlaga



og benda á að fiskveiðar fara að miklu leyti fram á grunnsævi og því sem mætti telja til strandsvæða. Stjórn fiskveiða er á ábyrgð sjávarútvegsráðherra, en ekki sveitarfélaga. Eðlilegt er að marka annarri auðlindanýtingu haf- og strandsvæða almennan grundvöll með lögum undir forræði ríkisins.

Náttúruverndarlög

Að undanfögnu hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið unnið að tillögum til breytinga á nýjum náttúruverndarlögum sem taka eiga gildi í sumar en miklar deilur staðið um. Samtökin hafa lagt áherslu á að lögín séu skýr og skapi ekki réttaróvissu og að þess verði gætt að svokölluð varúðarregla hafi ekki gildi út fyrir lögín sjálf.

Í umsögn samtakanna er minnt á að frá 1992 hefur verið leitt í lög hér gríðarlega umfangsmikið lagasafn sem útfærir m.a. varúðarregluna auk annarra reglna svokallaðrar Ríðyfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Hér má minna á lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um umhverfismat áætlna, lög um umhverfisábyrgð, lög um upplýsingarétt um umhverfismál, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög um mengunarvarnir, efnalöggjöfina, skipulagslög og mannvirkjalög. Í öllum þessum lögum og fjölmörgum öðrum sem þeim tengjast eru ákvæði til verndar umhverfinu og náttúrunni, leyfisveitingar, stjórnvaldsákvæðanir auk þess sem skapaður hefur verið almennur umsagnarréttur og víðtækar kæruleiðir. Allt hefur þetta í för með sér gríðarlega umfangsmikið kerfi og einstakar nýjar framkvæmdir sem ætlunin er að ráðast í geta verið til umfjöllunar án niðurstöðu svo árum skiptir.

Það er þess vegna afar vont að ætla að innleiða lagaákvæði sem grípur inn í alla umhverfislöggjöfina eins og ætlunin virðist með 9. gr. í lögum 60/2013. Það hefði í för með sér endalausar flækjur og réttaróvissu að fjalla um sömu hluti með mismunandi hætti í lagabálkum þar sem unnt getur verið að komast að sitt hvorri niðurstöðunni eftir því hvaða lagaákvæði er beitt.

Það er nauðsynlegt að við stjórnvaldsákvæðanir sé gætt meðalhófs, þær teknar án mismununar og séu í innra samræmi auk þess að vera gagnsæjar. Þess vegna verður að taka ákvæðanir eftir skipulögðu ferli þar sem vitað er hvaða þættir koma til skoðunar. Meta verður áhættu sem ákvörðunin hefur og afleiðingar hennar. Hafa verður í huga að varúðarreglan nær alls ekki til þeirrar varúðar sem vísindamenn nota til meta óvissu í gögnum sínum.

Íslandsstofa

Fyrir nokkru skilaði niðurstöðu starfshópur utanríkisráðherra um málefni útflutningsþjónustu og markaðssetningar. Hópurinn var skipaður fulltrúum fyrirtækja, ráðuneyta, Íslandsstofu auk samtaka í atvinnulífi.

Tillögur hópsins eru helstar þær að til þess að stuðla að öflugri samstarfi opinberra aðila og atvinnulífsins, markvissari nýtingu fjármuna, aukinni samhæfingu og öflugri þjónustu erlendis að því er varðar útflutningsaðstoð og markaðssetningu á vöru og þjónustu frá Íslandi verði sett verði á fót Útflutnings- og markaðsráð sem verði ábyrgt fyrir langtíma stefnumótun í markaðsmálum. Langtíma stefnumótunin leggi grunninn að allri starfsemi og skipulagi að því er varðar útflutningsaðstoð og markaðssetningu með aðkomu og stuðningi hins opinbera. Slík langtíma stefnumótun byggðist á breiðu samráði, pólitískri skuldbindingu, ábyrgð og festu, gegnsæi og skýrleika í fjármögnun. Rík áhersla yrði lögð á aðkomu atvinnulífsins í stefnumótuninni.

Kveða verður skýrt á um stjórnsýslulega stöðu Íslandsstofu, annaðhvort sem hluti hins opinbera eða sem einkaréttarlegur aðili. Í síðara tilvikinu verði kveðið á um rekstrarform, t.d. sem sjálfseignarstofnun. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og fleiri telja í raun eina valkostinn þann að reka Íslandsstofu á einkaréttarlegum grunni í ljósi sögunnar, m.t.t. fjármögnunar og til að um raunverulegt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs sé að ræða (e.

Public Private Partnership). Sammála var hópurinn um að stofan yrði áfram þungamiðja útflutningsaðstoðar og markaðsstarfs.

Loftslagsmál

Íslensk stjórnvöld og Evrópusambandið hafa gert með sér samning um sameiginlegar skuldbindingar gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og hefur það þegar tekið gildi fyrir tímabil Kyotobókunarinnar fyrir 2012 – 2020. Næstkomandi haust verður þess enn freistað að ná alþjóðlegu samkomulagi um samdrátt útstreymis gróðurhúsalofttegunda til 2030 eða lengur. Evrópusambandið leggur nú höfuðáherslu á orku- og loftslagsmál í starfi framkvæmdastjórnar og Evrópuþingsins. Það ræðst bæði af nauðsyn þess að tryggja orkuöryggi sambandsins sem flytur inn gríðarmikla orku frá Rússlandi og Arabaríkjunum og einnig sterkum vilja til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Fasteignaskattur

Samtök atvinnulífsins áttu ítrekað fundi með innanríkisráðherra þar sem mótmælt var verulegri hækkun á fasteignaskatti á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði sem fyrirhuguð var vegna nýrrar matsaðferðar Þjóðskrár. Hið nýja mat byggir á metnum ársleigutekjum að teknu tilliti til gæða, ástands og staðsetningu húsnæðis. Er því verið að hverfa frá að byggja matið á endursöluverðmæti og þess í stað horft til möguleika til tekjuöflunar sem grundvallarforsendu matsins.

SA taldi það ekki fást staðist ákvæði stjórnarskrár að stjórnvald geti eitt og sér tekið ákvörðun um breytingu á áratugalangri framkvæmd sem leiði til allt að tvöföldunar á gjaldstofnum skattaðila án þess að skýra heimild sé að finna í lögum. Verður að telja að fasteignaeigendur hafi réttmætar væntingar til þess, í ljósi ákvæðis 40. gr. stjórnarskrárinnar, að stjórnvald geti ekki tekið geðþóttaákvæðanir með stuttum fyrirvara sem leiði til grundvallarbreytingar á skattlagningu fyrir skattaðila.

SA hvöttu ráðherra til að fresta innleiðingu nýrrar matsaðferðar um ár svo að unnt væri að ná viðtækari sátt um þá aðferðafræði sem stuðst er við, fyrirtækjum gæfist ráðrúm til að mæta verulegri hækkun fasteignaskatts og að tryggja lögmæti breytinganna. Niðurstaðan var sú að ráðherra fékk samþykka lagabreytingu á Alþingi sem ætlað var að milda áhrif breytinga fasteignamats á fasteignaskatt næstu tvö ár. Þá hefur innanríkisráðherra sett á fót vinnuhóp sem m.a. er ætlað að fara yfir þau sjónarmið sem SA hafa sett fram.

Íþyngjandi regluverk atvinnulífsins

Ríkisstjórnin ásetti sér í upphafi að beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Þegar frumvarp til laga sem felur í sér nýjar íþyngjandi reglur fyrir atvinnulífið er lagt fyrir ríkisstjórn verður rökstutt sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að setja slíkar reglur. Sérstakt markmið var að engar nýjar íþyngjandi reglur



verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Sérstök aðgerðaráætlun var lögð fram til að fylgja þessu eftir.

Framfylgd þessa ásetnings hefur verið afar rýr. Þvert á móti hafa fjölmörg stjórnarfrumvörp verið lögð fram undanfarin tvö þing þar sem innleidd eru íþyngjandi og kostnaðarsamar reglur fyrir atvinnulífið, oftast lítt rökstuddar. Engin dæmi er um að nýjum kvöðum hafi fylgt brottfall annarra.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, þar sem SA eiga fulltrúa, hafa í litlu mænað að þrýsta á ráðuneytin til að fylgja eftir markmiðum ríkisstjórnarinnar. Nefndin hyggst í aðhaldsskyni taka saman ár hvert yfirlit yfir þær laga- og reglusetningar sem hafa orðið íþyngjandi fyrir atvinnulífið.

SA hafa ítrekað í umsögnum sínum um þingmál og á öðrum vettvangi mótmælt sífellt auknum álögum á atvinnulífið í formi skatta og íþyngjandi reglna. Þá hafa SA hvatt stjórnvöld til að einfalda allt opinbert eftirlit og fækka þeim tilvikum þar sem þörf er á leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnustarfsemi. Þess í stað myndi nægja að tilkynna um nýja starfsemi.

[Samkeppnishæfnisvið SA](#)

UMSAGNIR UM ÞINGMÁL OG FLEIRA

Samtök atvinnulífsins senda nefndum Alþingis fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur á hverju ári. Á yfirstandandi þingi hafa samtökunum borist 100 mál og skilað umsögnum um 46.

Nefna má umsagnir um frumvarp til laga um opinber fjármál, frumvarp um mat á umhverfisáhrifum, frumvarp til raforkulaga og þingsályktun um plastpöknotkun.

[Allar umsagnirnar má finna á vef SA](#)

Einnig senda Samtökin ráðuneytum umsagnir um frumvörp og reglugerðir í undirbúningi. Því fyrr sem unnt er að koma athugasemdum á framfæri því meiri líkur eru til að þær hljóti efnislega umfjöllun stjórnvalda. Einnig berast mál til umsagnar frá stofnunum ríkisins. Sem dæmi má nefna að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur verið að undirbúa breytingar á náttúruverndarlögum og hefur haldið nokkra fundi og kynningar með hagsmunaaðilum til að fá fram sem flest sjónarmið við undirbúning tillagna.

Fulltrúar SA

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í stjórnnum og ráðum sem tengjast vinnumarkaðnum. Einnig er í ýmsum lögum kveðið á um þátttöku fulltrúa atvinnulífsins. Einnig óska ráðuneyti iðulega eftir þátttöku fulltrúa SA við undirbúning mála.

[Fulltrúar SA í nefndum og ráðum](#)

SA tilnefna fulltrúa til setu í stjórnnum almennra lífeyrissjóða.

[Fulltrúar SA í lífeyrissjóðum](#)



ERLEND SAMSKIPTI



Evrópska efnahagssvæðið EES

Starfsskilyrði atvinnulífsins mótast í æ ríkari mæli af sameiginlegum reglum á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Grunnreglur samstarfsins um EES – samninginn snúast um frjálsa för fólks, og frjáls viðskipti með vöru, fjármagn og þjónustu.

Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið tók gildi hinn 1. janúar árið 1994. Samningurinn gerir Ísland að þátttakanda í stærsta fjölþjóða efnahagssvæði heimsins. Samningurinn er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands því innri markaður Evrópu er langstærsti markaður Íslands bæði um innflutning og útflutning á vörum og þjónustu.

Samkeppnisstaða sjávarútvegsins batnaði til muna með EES-samningnum og þjónustugreinar á Íslandi hafa aðgang að opnum markaði. Fyrir nokkrum árum voru reglur innri markaðarins um matvæli leiddar í lög hér á landi og skapar það nýja möguleika fyrir íslenskan landbúnað og útflutning hágæða íslenskrar ferskvöru.

Ísland hefur dregist aftur úr öðrum EES – ríkjum og hér tekur lengri tíma en annars staðar að innleiða sameiginlegar reglur innri markaðarins. Það getur skapað óvissu bæði vegna innflutnings vöru og þjónustu en ekki síður vegna útflutningsins. Það er

mikilvægt að jafnan sé tryggt að sömu reglur gildi hér og í öðrum EES – ríkjum. Stjórnvöld þurfa að ráðast í úrbætur á þessu sviði.

Það er einnig mikilvægt að gæta hagsmuna Íslands gætt við þróun regluverks innri markaðarins. Utanríkisráðuneytið hefur nýlega kallað hagsmunaaðila til aukins samstarfs til að fylgjast með því sem á döfinni er um nýja löggjöf í Evrópusambandinu. Þannig er ætlunin að unnt verði að koma snemma auga á þau atriði sem geta varðað íslenska hagsmuni, meta áhrif þeirra og kanna hvort ástæða sé til að bregðast við. Ætlunin er að íslensk stjórnvöld geti brugðist við í tíma og komið sínum sjónarmiðum á framfæri meðan ný löggjöf er enn á undirbúningsstigi.

Evrópusambandið

Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu 2009 en aðildarviðræðurnar hafa legið niðri frá því í janúar 2013. Ríkisstjórnin er andvíg aðild að ESB og hefur gefið til kynna að aðildarumsóknin sé ekki gild lengur. Verði það staðfest af ESB að Ísland sé ekki umsóknarríki hefur það í för með sér að sækja þyrfti um aðild að nýju skapist til þess vilji Alþingis. Samninganeftirnar hafa verið leystar upp og allri vinnu hætt hjá báðum samningsaðilum. Vari viðræðuhléið í mörg ár mun samningavinna úreldast enda tekur löggjöfin stöðugum breytingum.

Samtök atvinnulífsins ásamt fleiri samtökum fengu Alþjóðamála- stofnun Háskóla Íslands til að gera úttekt á aðildarviðræðum Íslands og ESB og kom hún út í skýrsluformi í apríl 2014. Samtökin töldu nauðsynlegt að varpa ljósi á helstu valkosti áður en teknar eru ákvarðanir sem varða efnahagslega velferð íslensku þjóðarinnar til lengri tíma. Þar er m.a. fjallað um hvernig best sé að haga gjaldmiðilsmálum til lengri tíma og hvernig sé unnt tryggja stjórn Íslendinga á eigin auðlindum við aðild að ESB. Þegar allir möguleikar liggja fyrir og unnt að leggja mat á þá samhlíða, má draga fram hvar í hverju raunverulegur ágreiningur liggur.

[Sjá nánar](#)

Fríverslunarsamtök Evrópu

Rekstur EES – samningsins fer að mestu fram á vettvangi EFTA. Í gegnum EFTA er Ísland einnig aðili að 25 fríverslunarsamningum við 35 ríki utan EES – samstarfsins. Stöðugt er unnið að nýjum samningum.

Höfuðmarkmið samtakanna er að tryggja atvinnulífi í EFTA löndunum sem best viðskiptakjör hvar sem atvinnulífið kys að eiga þau viðskipti. Samvinna og samskipti Íslands og Noregs og Lichtenstein grundvallast á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum. Sviss er einnig aðili að EFTA en ekki að EES-samningum en hefur gert ýmsa samninga við ESB.

Fastanefnd EFTA er æðsti vettvangur samvinnu og samráðs innan EFTA. Fimm undirnefndir og fjöldi vinnuhópa eru henni til halds og traust. SA eiga aðild að ráðgjafanefnd EFTA þar sem fjallað er um þróun EES – samningsins m.a. með hliðsjón af hagsmunum aðila vinnumarkaðarins.

Skrifstofa SA í Brussel

Fyrir nokkru var því fyrirkomulagi komið á að starfsmaður SA hefur viðveru í Brussel hluta ársins og gegnir hlutverki fastafulltrúa gagnvart Evrópusamtökum atvinnulífsins – BUSINESSEUROPE.

Samtökin fylgjast með þróun mála hjá Evrópusambandsins og mótast áherslu BUSINESSEUROPE af áherslum ESB. Ný framkvæmdastjórn tók við hjá ESB á árinu 2014 og hefur gefið út að lögð verði áhersla á ýmis mál sem tengjast innri markaðnum auk þess sem þjónustuviðskipti, stafrænn innri markaður, orku- og loftslagsmál og regluverk fjármálamarkaðar verða í brennidepli næstu árin. Stöðug áhersla er á einföldun regluverks sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

[Vefur BUSINESSEUROPE](#)

Árið 2013 hófust viðræður milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um nýjan viðskiptasamning um aukið frelsi í viðskiptum og fjárfestingum s.k. TTIP – viðræður (e. Transatlantic Trade and Investment Partnership). Aukið frelsi í viðskiptum milli fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum mun hafa áhrif hér á landi vegna aðildar



Íslands að EES-samningnum og þeirra umfangsmiklu viðskipta sem Ísland á við ESB þjóðirnar og við Bandaríkin.

Norrænt samstarf

Um langa hríð hafa Samtök atvinnulífsins átt náið samstarf við systursamtök sín á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejds-giverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórn samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og haldnir eru árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Samtökin fjalla um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu.

STÖRF STJÓRNAR SA STARFSÁRIÐ 2014-2015



Stjórn SA kom fjórum sinnum saman á starfsárinu. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru kosin í framkvæmdastjórn, auk Björgólfs Jóhannessonar formanns SA: Guðrún Hafsteinsdóttir, Grímur Sæmundsen, Höskuldur H. Ólafsson, Kolbeinn Árnason, Margrét Kristmannsdóttir, Margrét Sanders og Sigsteinn P. Grétarsson. Margrét Kristmannsdóttir var kosin varaformaður áfram. Skipað var í kjörstjórn og stjórn Vinnudeilusjóðs.

Stjórnin fjallaði um samningsmarkmið SA fyrir kjarasamningalotuna 2015. Ákveðið var að leggja höfuðáherslu á þrjú stefnumál. Þau eru breytt verklag við gerð kjarasamninga og úrbætur á vinnulöggjöfni, stofnun samráðsvettvangs um hagstjórn „þjóðhagsráð“, sem skipað verði fulltrúum ríkisstjórnar, Seðlabanka og aðila vinnumarkaðar og að aðilar vinnumarkaðar taki yfir rekstur sjóða sem samið hefur verið um í kjarasamningum, þ.e. Atvinnuleysis-tryggingasjóðs, Fæðingarorlofsjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa.

Stjórnin lagði áherslu á að samið yrði til tveggja ára, án rauðra strika, og að launahækkningar samræmdust verðstöðugleika og launabreytingum í viðskiptalöndunum.

Stjórnin telur mikilvægt að breyta virðisaukaskattkerfinu og að velta afþreyingar og samgangna innanlands yrði í neðra þrepi VSK, að áfengi yrði í neðra þrepinu en áfengisgjald hækkað til að



mæta tekjutapi á heildsölustigi, að fatnaður yrði færður í neðra þrep VSK, að endurgreiðsla VSK til erlendra ferðamanna af vörum í neðra skattþrepi yrði afnumin og lágmarksfjárhæð hækkuð og að átakið „Allir vinna“ héldi áfram.

Störf framkvæmdastjórnar SA starfsárið 2014-2015

Framkvæmdastjórnin kom 20 sinnum saman á starfsárinu. Kjaramál voru fastur liður á fundum framkvæmdastjórnarinnar. Miklar áhyggjur koma fram vegna óánægju innan ASÍ með meint frávík ríkis og sveitarfélaga frá markaðri launastefnu í kjarasamningum. Breyta þyrfti vinnulöggjöf og takmarka möguleika fámennra hópa til að brjóta niður markaða stefnu í kjaramálum.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um kjaraviðræðurnar 2015. Samið yrði til tveggja ára án fyrirvara, s.s. rauðra strika. Launahækkningar verði í samræmi við verðstöðugleika og launabreytingar í viðskiptalöndunum. Önnur stefnumál voru einnig til umfjöllunar. Mikilvægt er að lækka tryggingagjald til samræmis við minna atvinnuleysi.

Framkvæmdastjórnin ákvað að SA héldi áfram að gera opinberlega grein fyrir afleiðingum mismunandi leiða í kjaramálum á efnahagsstærðir, s.s. verðbólgu, atvinnuleysi og gjaldþrot fyrirtækja. Boðskapurinn er að ávinningur mikilla launahækkana er minni en enginn.

Framkvæmdastjórnin er sammála um að SA geti ekki samið um launahækkningar í námunda við launakröfur verkalýðshreyfingarinnar sem birtar voru snemma árs 2015. Við blasi viðtækar verkfallsaðgerðir og SA ættu engan annan kost í stöðunni er að láta á það reyna hversu langt verkalýðshreyfingin sé tilbúin að ganga til að kollsteypa þjóðfélaginu.



Framkvæmdastjórnin ákvað að breyta fyrirkomulagi við tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða. Framvegis verða þær í höndum valnefndar í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Valnefndin verði skipuð formanni og varaformanni SA, framkvæmdastjóra SA auk eins annars fulltrúa.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um launaþróun stjórnenda. Þá var fjallað um laun stjórnenda í samhengi við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Að mati framkvæmdastjórnarinnar ættu lífeyrissjóðir að hafa skýra hluthafastefnu, starfrækja starfskjaranefndir og beita sér fyrir gegnsæi við launaákvæðanir.

Fjallað var um afkomu og skattbyrði sjávarútvegs og frumvarp sem er í vinnslu um veiðigjöld sem markast af tekjuþörf ríkisins en ekki aðstæðum í sjávarútvegi. Mikilvægt er að sjávarútvegur verði áfram öflugur og skilvirkur og að aðildarsamtökin vinni saman að því. Framkvæmdastjórnin vill að SA auki samstarf og samræðu við bændur og samtök þeirra með það að markmiði að stuðla að aukinni framleiðni landbúnaðarins.

Framkvæmdastjórnin ákvað að leggja til hækkun lágmarksárgjalds að samtökunum úr 8.000 kr. í 20.000 kr., en gjaldið hefur verið óbreytt frá árinu 2002 þrátt fyrir að það skuli fylgja launaþróun skv. samþykktum SA. Ákvörðun um lágmarksárgjald verði staðfest af framkvæmdastjórn í stað ársfundar.

KYNNING OG MIÐLUN

Nýr og endurbættur vefur Samtaka atvinnulífsins var tekinn í notkun á starfsárinu sem endurspeglar vel skipulag samtakanna. Vefurinn gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun SA. Á vefnum er að finna fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins, stefnumörkun í fjölda málaflokka, kjarasamninga og margt fleira.

Samtök atvinnulífsins efna reglulega til opinna funda þar sem brýn samfélagmál eru rædd. Yfirlit yfir þá helstu er hér að neðan en fjallað er ítarlega um efni þeirra á vef SA.



Betri lífskjör allra

Ársfundur atvinnulífsins 2014 fór fram fimmtudaginn 3. apríl í Hörpu. Rúmlega 500 manns mættu í Silfurberg og fjölmargir horfðu einnig á dagskrána í beinni útsendingu. Yfirskrift hans var *Aukin samkeppnishæfni - betri lífskjör allra*.

Á fundinum kynntu SA metnaðarfulla stefnu: Að Ísland verði meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða heims innan 10 ára. Náist það markmið verður atvinnulífið fjölbreyttara og það mun skila meiri arðsemi. Verðmætasköpun þjóðarinnar mun jafnframt aukast sem er forsenda fyrir betri lífskjörum Íslendinga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, sagði á fundinum að stefnumörkun SA væri rökrétt og vel framkvæmanleg. Þá sagði Stephane Garelli, framkvæmdastjóri IMD rannsóknarstofnunarinnar í Sviss, að það væri raunhæft markmið fyrir Ísland að komast í fremstu röð á næstu árum. Á Íslandi væri fullt af hæfu fólki sem gæti tryggt það. IMD sérhæfir sig í rannsóknum á samkeppnishæfni þjóða heimsins.

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, var endurkjörinn formaður samtakanna á aðalfundi SA fyrr um daginn. Björgólfur var kjörinn með rúmlega 96% greiddra atkvæða í rafrænni atkvæðagreiðslu sem fram fór meðal aðildarfyrirtækja SA. Björgólfur ávarpaði ársfundinn og sagði m.a.



„Framtíðarsýn Samtaka atvinnulífsins byggir á 10 áhersluatriðum sem við teljum að atvinnulífið og stjórnvöld eigi að nýta til að endurheimta samkeppnishæfni Íslands á næstu 10 árum. Við finnum öll aukinn meðbyr í íslensku atvinnulífi. Einmitt nú er því mikilvægt að setja skýr og raunhæf markmið og freista þess að fá alla, sem að málum koma, til að róa í sömu átt. Það hefur tekist áður - og það er nauðsynlegt að okkur takist það á nýjan leik. Við viljum einbeita okkur að framtíðinni en læra af því sem liðið er.

[Upptöku frá fundinum má nálgast hér](#)

[10/10 Betri lífskjör](#)

Sjávarútvegsdagurinn 2014

Samtök atvinnulífsins, Deloitte, LIÚ og SF stóðu að Sjávarútvegsdeginum í Hörpu 8. október. Þar voru málefni sjávarútvegsins rædd frá ýmsum áhugaverðum hliðum. Gögn frá ráðstefnunni má nálgast á vef SA, glærkynningar frummælenda, fréttir frá deginum og bækling Deloitte þar sem er að finna lykiltölur úr íslenskum sjávarútvegi. Þar kemur m.a. fram að heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða nam 273 milljörðum króna á árinu 2013 og beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu nam 11% árið 2013.

[Sjá nánar hér](#)

Starfsmenntun Litla Íslands og menntahóps Húss atvinnulífsins

Fundaröð Menntahóps Húss atvinnulífsins vegna starfsmenntunarmála hélt áfram í nóvember en fundirnir hafa verið vel sóttir. Fókusinn að þessu sinni var á Litla Ísland og hvaða möguleika lítil og meðalstór fyrirtæki í öllum atvinnugreinum hafa í starfsmenntamálum. Var fundurinn sýndur í beinni útsendingu á vefnum fyrir þá sem ekki áttu heimangengt. Var ánægjulegt að sjá landsbyggðina nýta sér þennan möguleika.

Reynslusögur voru sagðar af forsvarsmönnum lítilla fyrirtækja til fundarmanna um hvernig nálgast ætti starfsmenntasjóði og hvernig fyrirtækin gætu styrkt sig með aukinni menntun starfsfólks. Fyrirtækin voru Veitingahúsið Iðnó, Pink Iceland og Unique en jafnframt flutti Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands erindi um fræðslumál en hann



er sérfróður um mannauðsstjórnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sólveig L. Snæbjörnsdóttir frá Starfsmenntasjóði verzlunar- og skrifstofufólks gaf góð ráð til fundarmanna um hvernig hægt væri að gera fyrirtækjunum lífið auðveldara við umsókn í starfsmenntasjóði.

Menntadagur atvinnulífsins 2015

Menntadagur atvinnulífsins 2015 fór fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 19. febrúar. Um 300 þátttakendur úr atvinnulífi, stjórnáttum og menntakerfinu tóku þátt í deginum en þar var fjallað var um deigluna í menntakerfinu, breytingar á starfsnámi, framlag fyrirtækja til menntamála og ávinning af menntun. Upptökur af erindum frá deginum eru aðgengilegar á vefnum ásamt glærुकyningum frummælenda.

[Menntadagur atvinnulífsins 2015 – smelltu til að horfa.](#)

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti menntaverðlaun atvinnulífsins 2015. Síldarvinnslan var valinn menntasproti ársins og Marel menntafyrirtæki ársins.

[Menntaverðlaun atvinnulífsins 2015 – smelltu til að horfa.](#)

Menntadagur atvinnulífsins er samstarfsverkefni SAF, SFF, SFS, Samorku, SI, SVP og SA en þetta er annað árið í röð sem samtök úr atvinnulífinu halda sameiginlegan menntadag.



Auglýsingar SA

Samtök atvinnulífsins birtu í aðdraganda kjarasamninga í nóvember þriðju sjónvarpsauglýsingu sína um kjaramál. Þar vöktu SA athygli á jákvæðum árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði og í efnahagslífinu. Með samstilltu átaki launafólks, fyrirtækja og stjórnvalda tókst að hemja verðbólguna og auka kaupmátt heimilanna. Markmið síðustu kjarasamninganna náðust og gott betur en verðlag var stöðugra en í heilan áratug. Hóflegar launahækkningar í kjarasamningum, sambærilegar og þekkjast á Norðurlöndunum, færðu landsmönnum lága verðbólgu og aukinn kaupmátt.

Í auglýsinguinni kemur fram að íslensk heimili og fyrirtæki greiða aukalega 200 milljarða króna á ári vegna gífurlegs vaxtakostnaðar sem skerðir lífsskjör og þrengir að atvinnulífinu. Það er jafn mikið og öll útgjöld ríkisins til heilbrigðis- og menntamála.

Samtök atvinnulífsins hvöttu með þessu til þess að byggt verði á þeim árangri sem náðst hefur á undanförunum mánuðum. Það sé bjart framundan ef aðilar taki höndum saman og leggi grunn að betra samfélagi.

[Hægt er að horfa á auglýsingu á Vimeo-svæði Samtaka atvinnulífsins.](#)

Nýtt merki SA

Á ársfundi atvinnulífsins 2014 tóku Samtök atvinnulífsins í notkun nýtt merki en það var hannað af Þór Ingólfssyni og auglýsingastofunni ENNEMM.



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits samtakanna sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits samtakanna. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2014, efnahag 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 9. apríl 2015


PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýringar	2014	2013
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		437.771.616	393.421.723
Félagsheimilaskjöldur		3.934.059	3.778.528
Þóknun frá Vinnudeilusjóði SA vegna umsýslu		0	4.500.000
Aðrar tekjur		8.248.273	13.686.710
		<u>449.953.948</u>	<u>415.386.961</u>
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		333.125.527	306.017.006
Kostnaður vegna funda og móta		20.187.179	30.509.771
Útbreiðslu- og félagsmál		58.040.846	80.185.393
Rekstur húsnæðis og annarra eigna		16.821.211	17.887.462
Framlög til háskóla	7	18.000.000	4.500.000
Afskriftir	2	9.130.072	5.382.215
		<u>455.304.835</u>	<u>444.481.847</u>
(Rekstrartap)		(5.350.887)	(29.094.886)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		6.656.851	16.155.990
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(621.043)	(1.120.329)
		<u>6.035.808</u>	<u>15.035.661</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>684.922</u>	<u>(14.059.225)</u>

Árgjöld 2014 eftir aðildarfélögum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

Eignir

	Skýringar	2014	2013
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Vefsíða SA	2	7.135.002	0
		<u>7.135.002</u>	<u>0</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:.....	2		
Fasteign, Borgartún 35		90.854.537	130.432.490
Sumarhús		3.425.811	3.518.401
Bífreið	0	720.000	
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld		11.680.335	8.133.750
		<u>105.960.683</u>	<u>142.804.641</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum og stofnfé	3	30.250.000	0
Fastafjármunir samtals		143.345.685	142.804.641
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		9.217.840	5.835.867
Árgjöld aðildarfélaga	5	54.611.163	23.842.947
Aðrar kröfur á aðildarfélög	5	15.832.952	0
Krafa á tengda aðila	6	1.411.854	102.742.391
Sjóður og bankainnstæður		219.449.060	174.170.166
		<u>300.522.869</u>	<u>306.591.371</u>
Eignir samtals		<u>443.868.554</u>	<u>449.396.012</u>

Eigið fé og skuldir


Eigið fé	4		
Óráðstafað eigið fé		404.889.626	404.204.704
		<u>404.889.626</u>	<u>404.204.704</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirfram greidd árgjöld		0	9.503.149
Ýmsar skammtímaskuldir		26.482.321	35.688.159
Skuld við tengda aðila	6	12.496.608	0
		<u>38.978.929</u>	<u>45.191.308</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>443.868.554</u>	<u>449.396.012</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýringar	2014	2013
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarféлага		42.872.287	45.816.090
Húsaleiga		11.404.135	15.981.946
Hreinar fjármunatekjur	3	153.795.142	191.624.893
Aðrar tekjur		123.934	0
		<u>208.195.498</u>	<u>253.422.929</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrarkostnaður húsnæðis	10	25.660.223	23.039.153
Póknun vegna fjárvörslu	7	4.500.000	4.500.000
Innheimtukostnaður og annar kostnaður		6.463.695	5.985.796
		<u>36.623.918</u>	<u>33.524.949</u>
Rekstrarhagnaður		171.571.580	219.897.980
Reiknuð gjöld vegna ávöxtunar			
Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs	7	(3.986.317)	(11.353.898)
Hagnaður ársins		<u>167.585.263</u>	<u>208.544.082</u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12.2014



337 m.kr. af 2.702 m.kr. eign sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun verðbréfa var 7,7% og raunávöxtun 6,3%.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýringar	2014	2013
Eignir			
Handbært fé		162.238.437	118.635.494
Viðskiptakröfur		8.925.128	2.831.644
Verðbréf með breytilegum tekjum	4	1.477.526.922	1.389.267.882
Verðbréf með föstum tekjum	4	650.818.999	740.126.679
Eignarhlutur í dótturfélagi	5	2.747.073	2.610.160
Krafa á dótturfélag	7	40.164.013	40.623.011
Krafa á tengda aðila	7	10.557.375	0
Áhöld, tæki og innréttingar	6	12.094.694	6.402.168
Fasteign	6	337.236.469	333.376.471
Eignir samtals		<u>2.702.309.110</u>	<u>2.633.873.509</u>
Skuldir			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur		7.363.145	3.143.865
Óuppgerð viðskipti við fjárvörsluaðila		1.564.638	7.687.679
Skuldir við tengda aðila	7	4.376.124	98.757.436
Ýmsar skammtímaskuldir		1.291.306	4.155.895
Skuldir samtals		<u>14.595.213</u>	<u>113.744.875</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	2.687.713.897	2.520.128.634
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.702.309.110</u>	<u>2.633.873.509</u>

